

## 0.1 Inngangur

Kári skrifar:

Þessa dagana er bókun 35 rædd á Alþingi Íslendinga. Þar standa þingmenn Miðflokksins einir vaktina til þess að verja fullveldi Íslands. Málið snýst um forgangsreglu Evrópuréttar og hvaða lög skuldi gilda ef upp kemur árekstur á milli annars vegar Evrópuréttar sem innleiddur hefur verið í íslenskan rétt og hins vegar íslenskra laga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson benti réttilega á blekkinguna sem felst í því að reyna að láta líta svo út sem svo að innleiddur Evrópuréttur væri í raun „íslensk lög.“ En þau rök komu oft fram í máli þingmanna á síðasta þingi og enn kveður við sama tón. Í stuttu máli er það rangt. Hið rétta er að um er að ræða Evrópurétt í íslenskum umbúðum. Ef um væri að ræða „íslensk lög“ væri þinginu frjálst að breyta innihaldinu. Þegar um Evrópurétt er að ræða er sú alls ekki raunin. Aðildarríki hafa svigrúm við innleiðinguna sjálfa (tilskipanir) en ekki innihaldið, nema að samið sé um það tímanlega, í tilvikum Íslands á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar.

## 0.2 Forgangur Evrópuréttar

Í aðildarríkjum Evrópusambandsins er forgangur Evrópuréttar tryggður með dómum Evrópudómstólsins í Lúxemborg, allt frá árinu 1963 og 1964, í málunum *Van Gend en Loos* [1963] og *Costa v ENEL* [1964].

**Það er afar óeðlilegt að gera kröfu um forgang laga í skiptum fyrir aðgang að markaðssvæði.** Í raun má segja að það sé svo fráleitt að engir ráðamenn ættu nokkurn tímann að taka það í mál. Fullveldi (og fullveldisréttur) ríkja er ekki gjaldeyrir sem hægt er að nota í viðskiptum.

Sjá menn fyrir sér að t.d. Bandaríkjamenn myndu taka það í mál að erlendur réttur skyldi vera rétt hærra bandarískum lögum, kæmi til árekstra á milli bandarískra laga og erlendra laga? Bandaríska þingið myndi einfaldlega aldrei taka það í mál að erlend lög hefðu forgang.

## 0.3 Viðtæk afturför

EES-samningurinn hefur reynst vera allur á aðra hliðina og þarf ekki að koma á óvart enda er Evrópuréttur, sem EES-réttur byggir á, í eðli sínu yfirþjóðlegur réttur.

Alþingi Íslendinga gerði rétt með því að segja skilið við EES-samstarfið, og flest sem Evrópusambandinu við kemur, áður en fullveldinu verður alveg glutrað niður og ekkert vald eftir til þess að taka ákvarðanir almennt.

Öll helsta uppbygging á Íslandi, frá örbirgð til bjargálna, varð löngu fyrir tíma EES-samningsins. Má þar nefna hafnir landsins, sjúkrahús í hverjum fjórðungi, flugvelli, skóla,

heimili fyrir eldri borgara, félagslegt húsnæðiskerfi, útgerð og landbúnað, uppbyggingu raforkuframleiðslu og dreifingar ásamt stóriðju. Eftir innleiðingu EES-samningsins hefur allt farið á verri veg. Öllu hefur hrakað. Það tekur orðið ár og áratugi að reisa einn spítala, vegakerfið er allt að molna í sundur, heilbrigðiskerfið er víða í uppnámi, æska landins getur varla lesið sér til gagns, menntakerfið er allt í niðurníðslu, rétttrúnaður ESB veður uppi á Íslandi, þar sem mjög er höggvið t.d. að rótum tjáningarfrelsis og málfrelsis.

## 0.4 Við hvað eru menn hræddir?

Margir rugla saman „alþjóðlegri samvinnu“ og viðskiptum. En þar er um margt blandað saman óskyldum fyrirbærum. Vissulega fela viðskipti ríkja í sér ákveðna samvinnu en þar með er ekki sagt að greiða skuli hvaða verð sem er til þess að geta stundað viðskiptin. Heimurinn er mun stærri en ríki Evrópu. Því má halda fram að ákveðin „leti“ hafi tekið völdin á Alþingi á hjá stjórnvöldum eftir innleiðingu EES-samningsins. Þingmenn margir nenna ekki lengur að setja landinu lög og þykir þægilegra að fá þau send í pósti.

Þessu til viðbótar verður að nefna hræðsluna sem tekið hefur völdin á þingi og innan ríkisstjórna undanfarna áratugi. Menn lifa í sífelldum ótta um viðbrögð ESB, viðbrögð ESA og viðbrögð EFTA-dómstólsins. Þannig virkar líka óttastjórnun Evrópusambandsins.

Er ekki kominn tími til að segja skilið við óttann og leita nýrra leiða og gera viðskiptasamninga sem víðast, án fullveldisafsals? Þarf ekki nauðsynlega að endurreisa virðingu Alþingis og löggjafarvald?